

321. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 7. OG
FÖSTUDAGINN 8. DESEMBER 2021 KL 8:30

haldinn í gegnum fjarfundabúnað, *zoom*

DAGSKRÁ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu sviða
 - b) Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði
 - c) Erindi Hallgrímskirkju
 - d) Endurskipulagning kirkjuráðs, kirkjupings og nefnda
 - e) Verkferli við gerð fjárhagsáætlunar
- 3) Stefnumótun hjá Þjóðkirkjunni
- 4) Samtal um miðla kirkjunnar
- 5) Úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum
- 6) Reykholt
- 7) Starfsreglur um vígslubiskupa
- 8) Önnur mál
 - a) Húsnæðismál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu
 - b) Umhirða kirkjujarða

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir sr. Arna Grétarsdóttir, sr. Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir liðum 2 a, c, d og 3. Sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings og formaður úthlutunarnefndar, sat fundinn undir lið 2 a, b, c og e. Ástrós Hjálmtýsdóttir verkefnastjóri frá Deloitte sat fundinn undir dagskrárlið 2 d og e. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Guðlaugur Óskarsson, fulltrúar forsætisnefndar, sátu fundinn undir lið 2d. Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir lið 4. Þá sat Ásta Guðrún Beck, lögfræðingur, fundinn undir lið 6 og Jóna Finnsdóttir, launafulltrúi, sem sat fundinn undir dagskrárlið 2 b.

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundabúnað, *zoom*.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu sviða

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjárhagsstöðu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og svaraði fyrirspurnum.

b) Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði

Lagðar voru fram tillögur úthlutunarnefndar um úthlutanir úr Jöfnunarsjóði. Jafnframt voru viðbrögð héraðsnefnda yfirfarin.

Sótt var um fjárstyrki að fjárhæð rúmar 998 m.kr. en til ráðstöfunar voru 384 m.kr. Ljóst var því að ekki væri unnt að verða við öllum styrkumsóknum.

Kirkjuráð staðfesti tillögur úthlutunarnefndar og þakkaði nefndinni fyrir sína góðu vinnu.

Samantekt allra úthlutana má finna sem fylgiskjal með fundargerð þessari.

c) Erindi Hallgrímskirkju

Lagt fram erindi frá Hallgrímskirkju, dags. 14. desember 2020.

Kirkjuráð samþykkti erindið, úthlutunarnefnd kirkjuþings hefur fjallað um málið og samþykkt það fyrir sitt leyti.

d) Endurskipulagning kirkjuráðs, kirkjuþings og nefnda

Kirkjuráð ásamt forsætisnefnd ræddi hvernig leitast megi við með að lækka kostnað vegna kirkjuráðs, kirkjuþings og nefnda sem starfa á vegum þjóðkirkjunnar.

Umræðunni verður haldið áfram á næsta kirkjuráðsfundi.

e) *Verkferli við gerð fjárhagsáætlunar*

Fjármálahópur kirkjuráðs yfirfor drög að verkferli við gerð fjárhagsáætlunar.

Kirkjuráð samþykkti tillögur hópsins.

3. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

Bjarni Snæbjörn Jónsson sem leiðir stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna kynnti fyrirhugað vinnuskipulag um stefnumótun þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð þakkaði góða kynningu.

4. SAMTAL UM MIÐLA KIRKJUNNAR

Samskiptastjóri Biskupsstofu reifaði þau verkefni sem unnin hafa verið á sviði samskiptamála í tengslum við nýliðna aðventu- og jólahátíð. Þar bar m.a. á góma aukið og farsælt samstarf við RÚV, sjónvarp og útvarp, aðventudagatal á heimasíðu kirkjunnar þar sem ljóð Sigurbjörns Þorkelssonar voru notuð undir myndir Láru Garðarsdóttur, samstarf við sjónvarpsstöðina Hringbraut, ýmiskonar streymi í söfnuðum kirkjunnar og fleira. Jafnframt kynnti samskiptastjóri áherslur sínar varðandi miðla kirkjunnar og starfið framundan árið 2021, svo sem varðandi www.kirkjan.is og aðra miðla kirkjunnar.

Kirkjuráð þakkaði góða kynningu og samtal.

5. ÚTTEKT Á AÐGENGI FATLAÐRA OG HREYFIHAMLAÐRA AÐ KIRKJUM OG SAFNAÐARHEIMILUM

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs kynnti úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum. Fyrirhugað er að sóknum verði sent bréf þar sem bent er á einfaldar aðgerðir sem sóknirnar geta gripið til í þeim tilgangi að bæta aðgengið.

6. REYKHOLT

Rætt var um málefni Reykholtstaðar í Borgarfirði. Lögfræðingur fasteignasviðs Biskupsstofu kynnti stöðu mála varðandi prestssetursjörðina í Reykholti, í kjölfar þess að fráfarandi sóknarprestur lét þar af störfum í lok liðins árs.

Kirkjuráð samþykkti að undanskilja hluta prestssetursjarðarinnar í Reykholti þegar embættið verður auglýst, sbr. 19. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar, nr. 950/2009. Nánar tiltekið mun fylgja prestsembættinu íbúðarhúsnæði til leigu, með hæfilegri lóð. Það verður á ábyrgð Biskupsstofu að annast aðra hagsmunagæslu vegna jarðarinnar eða fela það öðrum aðila.

7. STARFSREGLUR UM VÍGSLUBISKUPA

Á 320. fundi kirkjuráðs var lagahópi kirkjuráðs falið að yfirfara starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006. Lögð var fram tillaga lagahóps, dags. 6. janúar 2021. Lagahópur kirkjuráðs gerir ekki tillögu að breytingu á starfsreglunum að svo stöddu. Hópurinn telur hins vegar rétt að erindisbréf framkvæmdanefndar Skálholts sé yfirfarið.

Kirkjuráð samþykkti þá forgangsröðun og einnig að fela lagahópi kirkjuráðs að yfirfara erindisbréfin og leggja tillögur sínar fram á næsta kirkjuráðsfundi.

8. ÖNNUR MÁL

a) *Húsnæðismál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.*

Biskup lagði til að hugað verði að framtíð húsnæðismála Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, sem nú er staðsett að Katrínartúni 4. Biskup lagði til að skrifstofustjóra Biskupsstofu, framkvæmdastjóra kirkjuráðs og fulltrúa forsætisnefndar kirkjubings yrði falið að taka málið til skoðunar og leggja fram fyrir kirkjuráð hugmyndir sínar.

Kirkjuráð samþykkti málið.

b) *Umhirða kirkjujarða*

Séra Axel Árnason Njarðvík, kirkjuráðsmaður og fulltrúi í umhverfishópi kirkjunnar, kynnti tillögur umhverfishópsins að samstarfi við Skógræktina og óskaði eftir heimild fyrir nefndina að vinna að því samstarfi áfram.

Kirkjuráð samþykkti að umhverfishópurinn ynni áfram að því mikilvæga samstarfi.

Fundi frestað kl. 13:15.

Fundi framhaldið á föstudeginum 8. janúar 2021 kl. 8.30.

Fundi slitið kl. 12:20.

Næsti fundur kirkjuráðs er fyrirhugaður fimmtudaginn 4. febrúar nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Úthlutanir úr Jöfnunarsjóði 2021	
Prófastsdæmi/Sókn	Samþykktir styrkir kirkjuráðs 2021
Höfuðkirkjur	65,500,000
Dómkirkjusókn (AA1)	9,000,000
Hóladómkirkja og Guðbrandsstofnun	14,500,000
Skálholt	28,000,000
Hallgrímssókn (AG1)	10,000,000
Saurbæjarsókn(E22)	4,000,000
Austurlandsprófastsdæmi	35,500,000
Reyðarfjarðarsókn (P33)	3,000,000
Norðfjarðarsókn (P35)	4,000,000
Heydalsókn (P37)	2,000,000
Stöðvarfjarðarsókn (P36)	1,000,000
Möðrudalssókn (N5A)	400,000
Ássókn (N5E)	3,000,000
Egilsstaðasókn (N53)	10,000,000
Valþjófsstaðarsókn (N5D)	500,000
Hofssókn (N22)	4,000,000
Djúpavogssókn (P3A)	1,000,000
Hofteigssókn (N5C)	500,000
Hofssókn (P3B)	2,000,000
Eskifjarðarsókn (P31)	4,100,000
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	12,450,000
Laufáss- og Grenivíkursókn (MA3)	1,400,000
Ljósavatnssókn (MA5)	1,700,000
Þórshafnarsókn (MF6)	2,900,000
Ólafsfjarðarsókn (L21)	3,100,000
Nessókn (MD4)	350,000
Dalvíkursókn (L31)	3,000,000
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	15,350,000
Mælifellssókn (K46)	250,000
Höfðasókn (JH2)	1,300,000
Sauðárkrókssókn (K13)	3,000,000
Hólasókn (K67)	500,000
Rípursókn (K24)	2,000,000
Blönduóssókn (JF3)	3,500,000
Silfrastaðasókn (K41)	4,000,000
Hofsóssókn (K62)	800,000
Kjalarnessprófastsdæmi	26,000,000
Ástjarnarsókn (CG2)	6,000,000
Víðistaðasókn (CB1)	15,000,000
Kirkjuvogssókn (C43)	1,000,000
Hvalsnessókn (C21)	4,000,000
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	88,000,000

Fylgiskjal með fundargerð 321. fundar kirkjuráðs, 7.-8. janúar 2021

Digranessókn (BC1)	1,500,000
Kársnessókn (BA1)	22,000,000
Breiðholtssókn (BG1)	14,000,000
Árbæjarsókn (BR1)	29,000,000
Grafarholtssókn (BS1)	8,000,000
Grafarvogssókn (BT1)	3,000,000
Fella- og Hólasókn (BG2)	3,500,000
Lindasókn (BF1)	7,000,000
Reykjavíkurrófastsdæmi vestra	36,000,000
Seltjarnarnessókn (AE1)	5,000,000
Langholtssókn (AR1)	7,000,000
Ássókn (AN1)	9,000,000
Laugarnessókn (AL1)	7,000,000
Háteigssókn (AJ1)	1,000,000
Bústaðasókn (AV1)	1,000,000
Grensássókn (AV2)	6,000,000
Suðurrófastsdæmi	13,800,000
Villingaholtssókn (TB4)	500,000
Ásólfsskálasókn (R55)	200,000
Þykkvabæjarsókn (SD3)	1,500,000
Hraungerðissókn (TB3)	500,000
Prestsbakkasókn (R32) Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	600,000
Oddasókn (SD1)	1,500,000
Ólafsvallasókn Ný umsókn	1,500,000
Þingvallasókn (TF5)	3,000,000
Víkursókn (R51)	1,000,000
Stokkseyrarsókn (TA2)	3,500,000
Vestfjarðarófastsdæmi	20,750,000
Bíldudalssókn (HB8)	2,500,000
Hólmavíkursókn (H94)	3,500,000
Sauðlauksdalssókn (HB3)	1,000,000
Stóra-Laugardalssókn (HB7)	5,200,000
Hólssókn	2,550,000
Staðarsókn (H27)	3,000,000
Gufudals- og Reykhólasókn (H9A)	3,000,000
Vesturlandsrófastsdæmi	29,372,702
Breiðabólsstaðarsókn (FE5)	72,702
Stafholtssókn (E54)	2,000,000
Setbergssókn (FD1)	6,000,000
Ólafsvíkursókn (FH2)	4,500,000
Hjarðarholtssókn (FF4)	2,500,000
Kvennabrekkusókn (FF2)	500,000
Bæjarsókn (E32)	500,000
Fitjasókn (E33)	800,000

Fylgiskjal með fundargerð 321. fundar kirkjuráðs, 7.-8. janúar 2021

Reykholt	4,500,000
Borgarnes	5,000,000
Akranessókn (E21)	3,000,000
Sóknir og höfuðkirkjur alls	342,722,702
Sameiginleg verkefni sókna-kirkjumiðstöðvar	
Kirkjumiðstöðvar	16,500,000
Löngumýri Skagafirði	9,000,000
Kirkjumiðstöð Austurlands	7,500,000
Sumarbúðarstarf	6,000,000
Skógarmenn KFUM	6,000,000
Stuðningur við söfnuði erlendis	5,000,000
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	1,000,000
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	1,000,000
Íslenski söfnuðurinn í London	1,000,000
Íslenski söfnuðurinn í Noregi	1,000,000
Íslenska Kirkjan í Luxembourg	1,000,000
Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús	700,000
Efri Núpur	200,000
Selárdalskirkja	500,000
Önnur verkefni	13,500,000
Stefgjöld skv. samningi	13,500,000
Til úthlutunar alls	384,422,702

Fylgiskjal með fundargerð 321. fundar kirkjuráðs, 7.-8. janúar 2021

ÚTHLUTANIR UR ÖÐRUM SJÓÐUM	UPPHÆÐ
Fræðslumál	10,850,000
Efling trúalífs nemenda í framhaldsskólum og háskólum	2,600,000
Landsmót ÆSKP á Sauðárkróki 2020	900,000
Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar	7,000,000
Samvera/ráðstefna SDE (Spiritual Directors in Europe) í Skálholti vorið 2021	350,000
Uppýsinga, bóka	1,400,000
Útgáfa Bjarma, tímarits um kristna trú	500,000
Bænabókin Skálholtsútgáfan	900,000
Kærleikþjónusta, hjálparstarfa, boðun	21,500,000
Framlag til Sambands íslenskra kristniboðsfélaga	10,000,000
Biblíufélag	1,500,000
Hjálparstarf kirkjunnar	10,000,000
Helgihald og kirkjutónlist	6,070,000
Listvinafélag Hallgrímskirkju -The Gospel of Mary eftir Huga Guðmundsson- frumflutningur á Íslandi	500,000
Helgihald í fangelsum	2,000,000
Hljóðritun á bókinni „Íslenskur tíðasöngur" MMX - Útg. Þorlákssjóður	450,000
Helgihald á ensku og safnaðarstarf Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholtskirkju	1,600,000
Sunnudagaskóli á ensku/íslensku í Alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju	620,000
Rekstur Kvennakirkjunnar	900,000
Annað	62,523,094
Íslenskunámskeið fyrir útlendinga	540,000
frágangur Vestmannsvatns	100,000
Rekstur á Löngumýri	10,000,000
Túlkþjónusta	800,000
Skálholt	18,500,000
Dagsetur	32,583,094

Samtals 102,343,094